

Sameiginlegur fundur SK og SN haldinn í K-húsinu 10.10.2008 kl.20.45

Mættir:

SK: Guðmundur, Guðrún, Þórhildur, Sigurbjörg og Lilja

SN: Guðný, Herdís, Harpa og Helga

Yfirþjálfari: Steindór

1.mál Fundargerð

Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.

2.mál Undirbúningur fyrir IM25

Ákveðið að hafa kleinubakstur sem fjáröflun fyrir IM 25 líkt og undanfarin ár. Lilja mun sjá um að skipuleggja það og fá fleiri aðila til samstarfs.

3.mál Perlu/Lífstílsmál

Vikar í Lífstíl hafði samband og tilkynnti breytt fyrirkomulag. Hér eftir verða sundiðkendur að vera á sínum forsendum í Perlu/Lífstíl. Steindór sagði að engin nauðsyn væri fyrir sundmenn að fara í sal Perlunnar.

5.mál Uppgjör eftir Sparisjóðsmót

Fórum yfir uppgjör Sparisjóðsmótsins. Öll félög að tveimur undanskildum eru búin að gera upp mótið. Afkoman af mótinu var jákvæð og verður nettótekjum skipt á milli SK og SN eftir skiptarhlutfalla deildanna. Samþykkt einróma.

6.mál Sundsjóður

SK kynnti fyrir SN fyrirhugaða afgreiðslu á reglum sundsjóðs SK.

Fundslitið kl.22.00.

Fleira ekki rætt

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Ritari Guðbjörg Lilja Jonsdóttir.